

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Hafnarfjarðarkaupstað.

Nýtt deiliskipulag fyrir iðnaðarsvæði í Kapelluhrauni.

Bæjarstjórn Hafnarfjarðar samþykkti á fundi sínum 8. nóvember 2023 nýtt deiliskipulag fyrir iðnaðarsvæði í Kapelluhrauni.

Í tillögunni felst að sniðinn er rammi um iðnaðarhverfi í samræmi við breyttar áherslur í aðal-skipulagi Hafnarfjarðar. Um er að ræða svæði er liggur á milli iðnaðarhverfis 2. áfanga Kapelluhrauns og Reykjanesbrautar, sem er skipt upp í rúmlega 30 nýjar lóðir fyrir iðnaðar- og athafnastarfsemi. Þar á meðal eru lóðir undir þegar byggð mannvirki ÍSAL. Á skipulagssvæðinu má koma fyrir Coda Terminal, móttöku- og förgunarstöð fyrir koldíoxíð auk hefðbundinna iðnaðarlóða.

Deiliskipulagið hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr. 123/2010 mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Hafnarfirði, 27. febrúar 2024.

Berglind Guðmundsdóttir landslagsarkitekt.

B-deild – Útgáfudagur: 12. mars 2024